




Mótt.: 22 sep. 2021

Málnr.

202011041



## AÐALSKIPULAG SEYÐISFJARDARKAUPSTAÐAR 2010-2030

Breyting vegna snjóflóðavarna undir Bjólfshlíðum, nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði og afþreyingar- og ferðamannasvæði undir húsbílastæði



23.04.2021

Dags. breytingar 09.09.2021



## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið

skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í umhverfis- og

framkvæmdarnefnd þann

11/8 2021

og í sveitarstjórn Múlaþings þann

18/8 2021

Tillagan var auglýst frá

28/5 2021

með athugasemdafræst til

9/7 2021

*Sigfúnimay*  
f.h. sveitarfélagsins Múlaþings  
MÚLAÞING

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann 24. sept. 2021

*Aðalr. Alþólfur Þórhilfus*



## UPPLÝSINGAR

### SKJALALYKILL

2370-037-GRG-001-V03

### HÖFUNDUR

Kamma Dögg Gísladóttir

### RÝNT

Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Sveinsdóttir

## EFNISYFIRLIT

1	<b>ALMENNT</b>	5
1.1	Skipulagsgögn	5
1.2	Markmið breytingar	6
2	<b>FORSENDUR</b>	6
2.1	Staðhættir	6
2.2	Minjar	6
2.3	Landslagsgreining	7
2.4	Tengsl við aðrar áætlanir	7
2.4.1	Landsskipulagsstefna	7
2.4.2	Gildandi aðalskipulag	8
2.4.3	Deiliskipulag	8
2.4.4	Ofanflóðahættumat	9
2.4.5	Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða	9
3	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	10
3.1	Opin svæði til sérstakra nota	10
3.1.1	Breyting í greinargerð	11
3.1.2	Breyting á uppdrætti	11
3.2	Skaganáma	11
3.2.1	Breyting í greinargerð	11
3.2.2	Breyting á uppdrætti	11
3.3	Afþreyingar- og ferðamannasvæði	11
3.3.1	Breyting á greinargerð	12
3.3.2	Breyting á uppdrætti	12
3.4	Hættumat	12
3.4.1	Breyting á greinargerð	12
3.4.2	Breyting á uppdrætti	12
3.5	Skógræktar- og landgræðslusvæði	12
3.5.1	Breyting á greinargerð	13
3.5.2	Breyting á uppdrætti	13
4	<b>UMHVERFISSKÝRSLA</b>	13
4.1	Umhverfisþættir og viðmið	14
4.2	Vægi umhverfisáhrifa	15
4.3	Valkostir	15
4.4	Samantekt á umhverfisáhrifum	17
5	<b>MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR</b>	19
5.1	Málsmeðferð	19

5.2	Breyting eftir auglýsingu dags. 09.09.2021	19
5.3	Umsagnaraðilar breytingar	19

## MYNDASKRÁ

**MYND 1.** Endurskoðað hættumatskort vegna ofanflóða fyrir Seyðisfjörð, nóvember 2019. Kort: Veðurstofa Íslands.  
9

## TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1.	Yfirlit yfir umhverfisþætti og matssprungunar.	14
TAFLA 2.	Vægi áhrifa.	15
TAFLA 3.	Umhverfisþættir sem aðalskipulagsbreytingin hefur áhrif á.	17

## 1 ALMENNT

Múlaþing vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2012-2030 var samþykkt í sveitarstjórn þann 1. september 2010 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 22. desember 2010. Nú liggur fyrir endurskoðað hættumat Veðurstofu Íslands fyrir Seyðisfjörð. Er það unnið eftir byggingu varnargarða á Brún í Bjólfí. Ljóst er að enn er stór hluti íbúabyggðar á hættusvæði. Áformað er að reisa þrjá snjóflóðavarnargarða undir Bjólfshlíðum á Seyðisfirði og byggir staðsetning þeirra á endurskoðuðu hættumati. Hér er því um að ræða breytingu á landnotkun í tengslum við uppbyggingu snjóflóðavarnargarða. Með tilkomu varnargarðanna mun snjóflóðahætta á íbúðarbyggð minnka og öll hús sem áður voru á hættusvæði C færast á hættusvæði A. Núverandi húsbílastæði sem lendir undir varnargarða fær nýja staðsetningu og verður skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Fyrirhuguð bygging snjóflóðavarnargarða fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum n.t.t. í liði:

- **2.01 Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafssbotni þar sem áætlað er að raska  $50.000 m^2$  svæði eða efnismagn er  $150.000 m^3$  eða meira.**
- **11.16 Varnargarðar til varnar ofanflóða í þéttbýli.**

Í samræmi við fyrrgreinda matsskyldu var unnið umhverfismat fyrir varnargarðanna sem áformað er að reisa undir Bjólfshlíðum á Seyðisfirði. Matsskýrslan var unnin af VSÓ ráðgjöf, dagsett í júní 2020. Skipulagsstofnun lagði fram álit sitt 27. ágúst 2020 og telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Sett verður inn ný náma, Skaganáma, en þar er fyrirhugað að taka efni í snjóflóðavarnargarðana. Einnig er fyrirhugað að stækka skógræktar- og landgræðslusvæði í suðurhlíðum Bjólfss.

### 1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmyndum frá Loftmyndum ehf. og kortagrunnum sveitarfélagsins. Hnitakerfið er í ISN93.

Skipulagsgögn eru þessi greinargerð og umhverfisskýrsla og eftirfarandi skipulagsuppdrættir:

- Gildandi þéttbýlisuppdráttur Aðalskipulags Seyðisfjarðar 2010-2030 í mkv. 1:10.000.
- Breyttur þéttbýlisuppdráttur Aðalskipulags Seyðisfjarðar 2010-2030 í mkv. 1:10.000, sem sýnir allar fimm breytingar á einum uppdrætti.
- Gildandi sveitarfélagsuppdráttur Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030 í mkv. 1:50.000
- Breyttur sveitarfélagsuppdráttur Aðalskipulags Seyðisfjarðar 2010-2030 í mkv. 1:50.000

## **1.2 Markmið breytingar**

Markmið breytingarinnar er fyrst og fremst að bæta öryggi íbúa og gesta Seyðisfjarðar gagnvart snjóflóðum og um leið að nýta þessa uppbyggingu til að skapa aðlaðandi umhverfi til útivistar. Tryggja þarf að bygging snjóflóðavarnargarða hafi sem minnst umhverfisáhrif. Unnið verður deiliskipulag af svæðinu þar sem settir verða frekari skilmálar um framkvæmdina, þ.m.t. um frágang svæðis og útlit mannvirkja. Einn liður í því að verjast mögulegri náttúruvá er að rækta skóg til að binda jarðveg og snjó á svæðinu. Haft verður í huga að skógur nýtist til útivistar og skjólmyndunar, t.d. í tengslum við golfvöllinn.

## **2 FORSENDUR**

### **2.1 Staðhættir**

Seyðisfjörður liggur inn úr Seyðisfjarðarflóa frá austri til vesturs og beygir til suðurs innst, þar sem þéttbýlið er fyrir botni fjarðarins, en þéttbýlið hefur byggst umhverfis Lónið. Hár fjallahringur umlykur Seyðisfjarðarkaupstað og undirlendi er lítið. Strandartindur og Bjólfur eru áberandi kennileiti á Seyðisfirði. Íbúar Seyðisfjarðar voru 659 talsins þann 1. janúar 2020 og hefur þeim farið fækkandi frá árinu 2001, skv. tölum frá Hagstofu Íslands. Seyðisfjarðarkaupstaður á sér mjög langa sögu og þar er mikil minjasaga og byggingar sem vert er talið að varðveita.

Svæðið þar sem fyrirhugaðir snjóflóðavarnargarðar munu rísa er fyrir neðan Bjólf, sem rís norðan og norðvestan fjarðarins. Bjólfur er um 1.000 m hárr yfir sjávarmáli og eru hlíðar hans fremur einsleitar með nokkru hamrabelti og grunnum giljum. Neðan við Bjólfstind er stallur sem ber nafnið Brún og er í um 650 m hæð yfir sjávarmáli. Þar voru byggðir 20 m háir varnargarðar á árunum 2003-2005.

Efni í snjóflóðavarnargarðana verður tekið úr Skaganámu, sem er gamalt og ófrágengið efnistökusvæði, sunnan við þéttbýlið. Svæðið liggur um 160 m frá aðkomuvegi inn í bæinn.

Svæði fyrir fyrirhugað skógrækt er staðsett rétt ofan við golfvöllinn Hagavöll, neðarlega í suðurhlíðum Bjólfss. Fjallshlíðin er gróin neðst en ofar taka við urðarhlíðar og klettar.

### **2.2 Minjar**

Árið 2009 var unnin fornleifaskráning vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar. Skráningin náði til alls lands í þéttbýlinu.

Einnig var unnin úttekt innan framkvæmdarsvæðis snjóflóðavarnargarðanna á fornleifum af Fornleifa-deild Byggðarsafns Skagfirðinga, sumarið 2019. Þá voru alls skráðar 61 minjar á svæðinu, þar með taldar eru minjar sem ekki eru aldursfriðaðar en eru skráðar vegna heimildagildis þeirra um veru hernámsliðs á Seyðisfirði og 20. aldar landnotkun í kaupstaðarlandinu. Þessar minjar njóta ekki verndar skv. lögum um menningarminjar þar sem þær eru ekki orðnar 100 ára gamlar en eru hafðar með vegna sögulegs og menningarlegs gildis. Allar minjarnar innan og á útmörkum framkvæmdarsvæðis teljast í

mikilli hættu og munu að hluta eða öllu leyti hverfa við framkvæmdirnar. Við framkvæmdir er nauðsynlegt að merkja vel útmörk framkvæmdarsvæðis í nágrenni minja til að þær verði ekki fyrir hnjasíki. Ekki má fara í framkvæmdir á minjastöðnum án samráðs við Minjastofnun Íslands.

Komi áður óþekktar minjar í ljós á framkvæmdatíma skal hafa samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

### 2.3 Landslagsgreining

Samkvæmt skýrslu um flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landvísu sem gerð var árið 2020 kemur fram að umrætt skipulagssvæði flokkast sem þróngir jökulsorfnir firðir, fjalllendi og inndalir með eftirfarandi einkennum:

**Landform og landhæð:** • Próngir firðir með bröttum fjallshlíðum. • Umhverfis firðina eru há tindótt fjöll. • Blágrýti er mest áberandi og jarðög eru með þeim elstu á landinu. • Gróft landform með skörpum línum. • Mikill breytileiki í hæð innan svæða. • Land í 0 til 1.300 m hæð yfir sjávarmáli.

**Yfirborð lands:** • Grýttar eða sendnar stendur í fjarðarbotnum, björg utar í fjörðum. • Gras eða móleni á jafnsléttu og víða birkikjarr í inndöllum. • Fjallshlíðar grónar neðst, urðarhlíðar ofar og klettar efst. • Yfirborð oftast slétt þar sem er grófið en gróft/hrjúft þar sem er grjót eða klettar. • Ár, lækir og fossar í fjarðarbotnum.

**Landnýting:** • Í hluta fjarðanna er þéttbýli við sjávarmáli. • Sjávarþorp og fiskeldi stundað innan sumra fjarða. • Landbúnaður er stundaður þar sem undirlendi er nægjanlegt.

**Sjónrænir eiginleikar:** • Stuttar sjónlengdir vegna hárra landforma, en geta verið langar inn og út eftir fjörðum og inndöllum. • Úr fjallshlíðum er útsýni yfir firði. • Sjónræn fjölbreytni í landformum og áferð yfirborðs

Í kafla 6.1.3 í skýrslunni er landslagsgerðum svæðisins lýst á eftirfarandi hátt:

**6.1.3. Austfirðir, frá Berufirði að Loðmundarfirði.** Djúpir og fremur þróngir jökulsorfnir firðir og inndalir. Há og brött fjöll ganga upp frá fjarðarbotnum og þau hæstu ná rúmlega 1.300 m hæð yfir sjávarmáli. Brattar skriður fjallanna eru lítt grónar, grýttar og fremur óstöðugar. Undirlendi getur verið nokkurt og er yfirborð þess mólen, graslent eða votlent og í inndöllum er víða birkikjarr. Ár og lækir falla í fossum og renna til sjávar eftir fjarðarbotnum. Einhver byggð er innan flestra fjarða, bæði strjálbyggð í dreifbýli og þéttbýlisstaðir.

### 2.4 Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu þessara breytinga hefur verið horft til eftirfarandi áætlana:

#### 2.4.1 Landsskipulagsstefna

Við gerð þessarar aðalskipulagsbreytingar er horft til eftirfarandi markmiða í Landsskipulagsstefnu:

## Náttúrvá og loftlagsbreytingar

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftlagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs og náttúrvárv, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlauta og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólk og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúrvá og loftlagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.“

„Hér er um að ræða almennar varúðarreglur um að tekið sé tillit til þekktrar náttúrvárv við ákvarðanir um mannvirkjagerð. Mikilvægt er að tekið sé mið af þekkingu um náttúrvárv við ákvarðanir um mannvirkjagerð, til að koma í veg fyrir slys á fólk og tjóni á mannvirkjum. Jafnframt að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið mið af þeim áskorunum sem við blasa með tilliti til loftslagsbreytinga. Í því felst að fara úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, landnotkun og samgöngum og bregðast við umhverfisbreytingum vegna loftslagsbreytinga, eins og hækandi sjávarborði. Skipulag byggðar og landnotkunar byggist á bestu fáanlegum upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um náttúrvá og breytingar á náttúru landsins vegna loftslagsbreytinga.“

## Sjálfbær nýting landbúnaðarlands

Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvarðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar.

### 2.4.2 Gildandi aðalskipulag

Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030 er svæðið sem breytingarnar ná til að mestu skilgreint sem óbyggt svæði og lítill hluti svæðisins skilgreint sem hafnarsvæði. Markmið skipulagsins er að taka skal fullt tillit til ofanflóðahættu og stuðla að betra umhverfi í samgöngu-, útivistar-, umhverfis- og samfélagsmálum til hagsbóta fyrir íbúa.

Fyrirhuguð breyting er í samræmi við markmið skipulagsins og rýrir ekki gott byggingarland, sem er af skornum skammti vegna ofanflóðahættu.

### 2.4.3 Deiliskipulag


Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðin en á aðliggjandi svæði er í gildi eftirfarandi deiliskipulag:

- *Deiliskipulag hafnarsvæðis, Fjarðarhöfn, Pálshúsreitur og Aldan sem samþykkt var 16.03.2016.*

Fyrirhugaðir varnargarðar munu gera það að verkum að breyta þarf afmörkun deiliskipulagsins á litlu svæði. Húsbílastæði og biðsvæði fyrir ferju fer undir varnargarð og verður því fellt út.

#### 2.4.4 Ofanflóðahættumat

Hættumat var unnið fyrir Seyðisfjörð, skv. lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, á árunum 2000-2002 og staðfest 5. júlí 2002. Árin 2003-2005 voru tveir snjóflóðavarnargarðar byggðir á Brún í Bjólfinum. Eftir byggingu varnargarðs á Brún var farið í endurskoðun hættumats á svæðinu. Endurskoðunin var kynnt haustið 2019 og samþykkt 17. mars 2020. Samkvæmt endurskoðuðu hættumati kemur fram að varnargarðarnir draga úr líkum á því að snjóflóð úr Bjólfstindi steypist fram af stallinum í miðju fjallinu, hleypi af stað snjó úr hlíðinni neðan Brúna og stöðvist ekki fyrr en niðri á jafnsléttu. Garðarnir hafa hins vegar ekki áhrif á snjóflóðahættu af völdum flóða sem eiga upptök sín neðar í hlíðinni, þ.m.t. í Kálfabotni. Óraunhæft er að stöðva stærstu snjóflóð sem geta átt upptök sín í Bjólfstindi með þvergarði á Brún. Varnargarðarnir draga mest úr áhættu af völdum snjóflóða sem eru nokkru stærri en þarf til þess að ná fram af Brún fyrir tilkomu garðanna en hafa lítil áhrif á hættu af völdum stærstu flóða. Með tilkomu garðanna færast C-línur í hættumati fyrir Seyðisfjörð víðast 40-80 m nær fjallinu, B-línur minna og A-lína sem afmarkar hættusvæðið með minnstri áhættu er ekki færð frá hættumatinu 2002.



**MYND 1.** Endurskoðað hættumatskort vegna ofanflóða fyrir Seyðisfjörð, nóvember 2019. Kort: Veðurstofa Íslands.

#### 2.4.5 Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða

Skv. reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða kemur eftirfarandi fram um skipulag byggðar á áður byggðum ofanflóðahættusvæðum:

Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnaði, svo og skála sem ætlaðir eru til næturgingistar á skíðasvæðum. Skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er heimilt að reisa enda séu þau styrkt til að standast ástreymisþrýsting sbr. töflu II.

Á hættusvæðum B er heimilt að reisa ný einbýlishús og fjölbýlishús með allt að 4 íbúðum, svo og byggja við skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús enda séu húsin og/eða viðbyggingarnar styrktar til þess að standast ástreymisþrýsting, sbr. töflu

*II. Heimilt er að reisa atvinnuhúsnaði svo og skála á skíðasvæðum, sem ekki eru ætlaðir til næturgingistar, án kvaða um styrkingar. Nýja skóla, leikskóla, sjúkrahús, samkomuhús, fjölbýlishús með fleiri en 4 íbúðum og önnur sambærileg hús er óheimilt að reisa.*

*Á hættusvæðum C er einungis heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki enda skapist ekki frekari hætta gagnvart annarri byggð ef mannvirki yrði fyrir áraun af völdum ofanflóða. Heimilt er að breyta íbúðar- og atvinnuhúsnaði þó þannig að heildaráhætta á viðkomandi svæði aukist ekki, t.d. með fjölgun íbúða eð fjölgun starfsmanna.*

Á hættusvæðum A og B er heimilt að reisa mannvirki án þeirra kvaða sem getið er í 19. gr. enda liggi fyrir ákvörðun sveitarstjórnar um að innan fimm ára verði viðkomandi svæði varið með varanlegum varnarvirkjum skv. staðfestri aðgerðaráætlun um aðgerðir sveitarfélagsins, sbr. 18. gr.

Á svæðum þar sem öryggi fólks gagnvart ofanflóðum er bætt með varnarvirkjum samkvæmt endurskoðuðu hættumati er heimilt að þetta byggð og endurnýja mannvirki, sbr. 19. gr. Þrátt fyrir að varnir séu hannaðar og reistar með það í hug að öryggi fólks neðan þeirra sé ásættanlegt ber sveitarstjórn að leitast við að stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu.

### 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu tekur til breytinga í greinargerð, á sveitarfélagsuppdrætti þar sem mörk þéttbýlis færast lítilega og á þéttbýlisuppdrætti og er í fimm liðum:

1. Skilgreint er opið svæði þar sem gert er ráð fyrir snjóflóðavarnagörðum og útvistarsvæði.
2. Staðsett er efnistökusvæði sem verður notað fyrir uppbyggingu snjóflóðavarnargarðanna.
3. Afmarkað er afþreyingar- og ferðmannasvæði fyrir nýtt húsbílastæði en núverandi húsbílastæði fer undir snjóflóðavarnargarð.
4. Jafnahættulinur eru uppfærðar í samræmi við endurskoðun hættumats Veðurstofu Íslands fyrir Seyðisfjörð, samþykkt 17. mars 2020. Taka þær mið af byggingu varnargarðs á Brún í Bjólfí.
5. Afmarkað er skógræktar- og landgræðslusvæði neðarlega í suðurhlíðum Bjólfss.

Samhliða tillögu að breyttu aðalskipulagi verður lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir snjóflóðavarnir og nýrri staðsetningu á húsbílastæði.

#### 3.1 Opin svæði til sérstakra nota

Gerð er breyting á landnotkun í hlíðunum ofan byggðar við Bakkahverfi, Fjörð og Ölduna. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem óbyggð svæði og að hluta hafnarsvæði en verða með breytingunni skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota. Varnargarður ofan Bakkahverfis fer nálægt svæði þar sem fyrirhugað er að setja gervigrasvöll og skerðir að hluta til svæði þar sem fyrirhugað er að gera íþróttavöll. Ástæða breytingarinnar er sú að verið er að vikka út möguleika til uppbyggingar varnarmannvirkja og útvistarsvæði því tengdu. Efni í garðana verður fengið að mestu á staðnum með uppgreftri og skeringum en umframefni verður sótt í Skaganámu (E11) sem einnig er sett á uppdrátt í þessari aðalskipulagsbreytingu, sjá nánar í kafla 3.2.

### 3.1.1 Breyting í greinargerð

Eftirfarandi undirkafla er bætt inn í kafla H. *Opin svæði til sérstakra nota:*

#### 10. Varnarmannvirki

Heimilt er að reisa varnargarða til varnar snjóflóðum úr Bjólfshlíðum. Gera skal ráð fyrir að svæðið nýtist til útvistar með áningarstöðum og stígagerð. Einnig skal gera ráð fyrir að flóðfarvegur við Öldugarð verði nýttur að hluta til undir húsbílastæði en þó með takmörkun á notkun í samráði við Veðurstofu Íslands. Nánari útfærslu skal sýna í deiliskipulagi.

### 3.1.2 Breyting á uppdrætti

Opnu svæði til sérstakra nota, nr. 10, verður staðsett þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir koma. Fyrirhugaðir varnargarðar ná út fyrir þéttbýlismörk þéttbýlisuppdráttar og munu þéttbýlismörk breytast sem því nemur.

### 3.2 Skaganáma

Staðsetja þarf efnistökusvæði í tengslum við uppbyggingu varnargardanna. Efni verður nýtt í vinnuvegi og annað tilfallandi í tengslum við framkvæmdina. Skaganáma er gömul og ófrágengið efnistökusvæði í Skagakrús en er ekki skilgreind í gildandi aðalskipulagi. Náman hefur það umfram aðra námur á svæðinu að hún er stutt frá framkvæmdarsvæði og því þarf ekki að keyra efni um langa vegalengd.

### 3.2.1 Breyting í greinargerð

Eftirfarandi texta er bætt inn í kafla 8. *Efnistaka:*

E11 Skaganáma. Gömul náma sem hugsuð er til efnistöku í tengslum við uppbyggingu á varnarmannvirkjum í Bjólfshlíðum. Áætluð efnistaka er allt að 30.000 m<sup>3</sup>. Stærð efnistökusvæðis er allt að 2 ha. Raska skal sem minnst af landi og við frágang skal aðlaga svæðið að nærliggjandi umhverfi.

### 3.2.2 Breyting á uppdrætti

Efnistökusvæðið Skaganáma (E11) er sett inn á þéttbýlisuppdrátt.

### 3.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er skilgreint hafnarsvæði vestan Ránargötu. Svæðið er hugsað sem húsbílastæði og biðsvæði fyrir bíla sem fara með Norrænu. Stæðið fer undir fyrirhugaða varnargarða. Skilgreint er nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði fyrir húsbíla, norðan við núverandi svæði.. Engin afþreyingar- og ferðamannasvæði eru skilgreind í gildandi aðalskipulagi og því er mótuð stefna fyrir þá landnotkun.

### 3.3.1 Breyting á greinargerð

Eftirfarandi kafla er bætt aftast inn í gildandi í greinargerð:

#### L. AFþREYINGAR OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)

„*Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálandi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar*“.

Stefna:

- Á húsbílastæði verði hugað sérstaklega að staðaranda, góðu aðgengi, öryggi gesta, aðstöðu og aðbúnaði.

AF1 - Húsbílastæði. Heimilt er að bæta aðstöðu fyrir gesti, s.s. útbúa skjól með trjágróðri, staðsetja aðstöðuhús, skipuleggja gönguleið til og frá svæðinu og setja upp losunaraðstöðu fyrir ferðasalerni. Gert er ráð fyrir að gestir geti komist í vatn og tengst rafmagni á svæðinu.

### 3.3.2 Breyting á uppdrætti

Afþreyingar og ferðamannasvæði er afmarkað á þéttbýlisupprætti og fær númerið AF1.

#### 3.4 Hættumat

Jafnahættulínum á uppdrætti er breytt í samræmi við endurskoðað hættumat vegna ofanflóða fyrir Seyðisfjörð. Hættumatið var staðfest 17. mars 2020 af umhverfis- og auðlindaráðherra, skv. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 og 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 með síðari breytingum um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. Varðandi nánari skýringar á hættusvæðum og landnotkun þeirra vísast í ofangreint hættumat og reglugerð.

#### 3.4.1 Breyting á greinargerð

Engin breyting er gerð á greinargerð.

#### 3.4.2 Breyting á uppdrætti

Jafnahættulínum, hættusvæðum A, B og C undir Bjólfshlíðum er breytt í samræmi við endurskoðun á hættumati fyrir Seyðisfjörð, sem gert var eftir byggingu varnargarða á Brún í Bjólfí, dags. nóvember 2019.

#### 3.5 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Engin skógræktar- og landgræðslusvæði eru skilgreind í gildandi aðalskipulagi og því er mótuð stefna fyrir þá landnotkun. Skógræktarsvæði í gildandi skipulagi eru undir opin svæði til sérstakra nota.

### 3.5.1 Breyting á greinargerð

Eftirfarandi kafla er bætt aftast í gildandi í greinargerð:

#### K. SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL)

„*Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppræðslu“.*

Stefna:

- Skógrækt verði nýtt til að binda kolefni og stuðla að kolefnishlutleysi sveitarfélagsins.
- Skógrækt og landbótastarf verði eflt þar sem þess þarf.
- Skógrækt verði nýtt til að binda jarðveg og draga úr ofanflóðahættu almennt.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásýnd og landslag, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa né valdi snjósöfnun á vegum.
- Forðast skal samfellda skógrækt á góðu landbúnaðarlandi.
- Æskilegt er að skógræktarsvæði nýtist til útvistar, t.d. með áningarstöðum og gönguleiðum.

SL1 - Suðurhlíðar Bjólfs. Skógræktarsvæði í suðurhlíðum Bjólfs, ofan við golfvöllinn Hagavöll. Stærð allt að 22 ha. Við hönnun skógarins skal þess gætt að skógorinn falli sem best að landslagi, jaðrar skógræktarsvæðisins verða hannaðir sérstaklega með ásýnd skógarins í huga. Forðast skal að gróðursetja í beinar línum sem yrðu of áberandi í umhverfinu. Heimilt er að vera með áningarstaði og gönguleiðir á svæðinu. Áður en framkvæmdarleyfi er veitt þarf að fara fram skráning á fornleifum á svæðinu.

### 3.5.2 Breyting á uppdrætti

Á þéttbýlisuppdraetti er afmarkað skógræktar- og landgræðslusvæði (SL1).

## 4 UMHVERFISSKÝRSLA

Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breytti stefnu aðalskipulagsins. Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótnu á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfisins.

#### **4.1 Umhverfispættir og viðmið**

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti skv. fyrirliggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðan greindra umhverfispáttu sem gætu orðið fyrir áhrifum skipulagsbreytingarinnar og leitast við að svara matssprungum:

**TAFLA 1.** Yfirlit yfir umhverfispætti og matssprungar.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar ?	- Náttúruverndarlög nr. 60/2013, - Landsskipulagsstefna 2015-2026
Gróður og dýralíf	Hefur breytingin hafa áhrif á gróður og dýralíf ? Hefur breytingin hafa áhrif á plöntur á válista ?	- Náttúruverndarlög nr. 60/2013 - Úttekt á gróðurfari og fuglalífi ofan Öldunnar og Bakkahverfis á Seyðisfj. Náttúrustofa Austurlands (2019).
Landnotkun	Hefur breytingin áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu ? Hefur breytingin áhrif á notkun svæðisins til útvistar ? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?	- Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030. - Landsskipulagsstefna 2015-2026
Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd svæðisins ? Hefur breytingin áhrif á landslag ? Hefur breytingin sjónræn áhrif ?	- Náttúruverndarlög nr. 60/2013 - Landslag á Íslandi – flokkun og kortlagning landslagsgerða á Íslandi, 2020
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á atvinnu í sveitarfélagini ? Stuðlar breytingin að styrkingu byggðar ?	- Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030.
Náttúru- og menningarminjar		- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
	Hefur breytingin áhrif á fornminjar ? Hefur breytingin áhrif á náttúrumínjar ? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði ?	- Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna á Seyðisfirði – Fornleifadeild Byggðarsafn Skagfirðinga, 2019. - Aðalskipulag Seyðisfjarðar 2010-2030
Heilsa og öryggi	Er náttúrvá á svæðinu ? Hefur breytingin áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði ? Er hætta á mengun af völdum breytingarinnar ?	- Reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. - Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. - Reglugerð nr. 724/2008 um hljóðvist. - Endurskoðun ofanflóðahættumats fyrir Seyðisfjörð eftir byggingu varnargarða á Brún í Bjólfí, unnið af Veðurstofu Íslands, nóvember 2019.

#### 4.2 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímabengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og nái til fjölda fólks eða þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

**TAFLA 2.** Vægi áhrifa.

VÆGI ÁHRIFA		SKÝRING
Jákvæð	+	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt svæðis-, lands- eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð	-	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekins umhverfispáttar/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarka stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss	?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

#### 4.3 Valkostir

Ekki komu fleiri kostir til greina en valin kostur (aðalskipulagsbreyting) og núll kostur sem fellst í óbreyttu ástand skv. gildandi aðalskipulagi. Hér eru bornir saman þessir tveir kostir:

1. Núll kostur

- Gildandi skipulag. Þar sem ekki er gert ráð fyrir varnargörðum, engin efnistaka heimiluð úr Skaganámu, jafnáhættulínur ekki uppfærðar í samræmi við endurskoðun hættumats vegna ofanflóða á Seyðisfirði, ekki er skilgreind ný landnotkun fyrir húsbílastæði né skógræktarsvæði.

2. Aðalskipulagsbreyting

- Þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu varnargarða undir Bjólfshlíðum, efnistaka tengd uppbyggingu snjóflóðavarnargarða heimiluð í Skaganámu, jafnáhættulínur uppfærðar í samræmi við endurskoðun hættumats vegna ofanflóða á Seyðisfirði, skilgreind landnotkun fyrir nýtt húsbílastæði þar sem núverandi svæði fer undir varnargarða og staðsett nýtt skógræktarsvæði í suðurhlíðum Bjólfs.

#### 4.4 Samantekt á umhverfisáhrifum

**TAFLA 3.** Umhverfisbættir sem aðalskipulagsbreytingin hefur áhrif á.

VALKOSTIR	JARÐMYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	LANDNOTKUN	ASÝND OG LANDSLAG	SAMFÉLAG	NÁTTÚRU- OG MENNINGAR-MINJAR	HEILSA OG ÖRYGGI
<b>Núll kostur – gildandi skipulag</b> Engin uppbygging í tengslum við varnargarða og ekki er staðsett nýtt skógræktar-svæði.	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Neikvæð áhrif – Íbúabyggð áfram á hættusvæði. Rýrir verðmæti húsa á svæðinu. Ekki samræmi við lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.	Engin áhrif.	Neikvæð áhrif – Öryggi íbúa og gesta ekki tryggt á svæðinu.
<b>Breytt skipulag</b> Breytingar gerðar á aðalskipulagi sem tengjast uppbyggingu á snjóflóðavarnar góðum undir Bjólfshlíðum og skilgreint nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði.	Óveruleg áhrif – Engar jarðmyndanir sem hljóta verndar.	Óveruleg áhrif – Staðbundin áhrif, skerðing búsvæðis fugla og áreiti á framkvæmdartíma.	Óveruleg áhrif – Engin verndarsvæði skv. aðalskipulagi. Ekki er verið að skerða gott landbúnaðarla nd né svæði fyrir íbúabyggð.	Neikvæð áhrif – Ásýnd og einkenni á svæðunum mun breytast með tilkomu varnargarða og skógræktar- svæðis.	Jákvæð áhrif – Styður við stefnu sveitarstjórnar um að taka tillit til ofanflóðahættu. Varnirnar og útivistarsvæði styrkja byggð / eykur verðmæti húsa á svæðinu.	Neikvæð áhrif – Skráðar voru 61 fornminjar á svæðinu og allar í hættu.	Jákvæð áhrif – Staðaráhætta verður ásættanleg. Timabundin og afturkræf áhrif á loftgæði og hljóðvist á framkvæmdartíma

## Núllkostur eða óbreytt ástand:

Engin áhrif verða á *jarðmyndanir*, *gróðurfar og dýralíf*, *landnotkun*, *ásýnd og landslag* og *náttúru- og menningarminjar*. Aftur móti hefur óbreytt ástand neikvæð áhrif á *samfélag* og öryggi þar sem íbúabyggð á stóru svæði verður áfram á hættusvæði. Þar af leiðandi getur orðið stöðnun á íbúaþróun eða jafnvel leitt til fækkunar á íbúum því ekki er spennandi að búa á snjóflóðasvæði með ófullnægjandi snjóflóðavarnir. Verðmæti húsa á svæðinu gæti rýrnað þar sem óbreytt ástand er ekki í samræmi við lög um varnir gegn snjóflóðum eða skriðuföllum og reglugerð um hættumat ofanflóða sem fjallar um að tryggja öryggi innan hættusvæðis C með varanlegum varnarmannvirkjum og/eða uppkauptum á íbúðarhúsnæði.

## Breytt skipulag:

Óveruleg áhrif eru talin verða á *jarðmyndanir* á svæðunum en svæðin njóta ekki sérstakar verndar.

Áhrifin á *gróður og dýralíf* eru metin óveruleg. Röskun mun verða á gróðri á afmörkuðu svæði og mun það breyta einkennum gróðurfars að einhverju leyti. Áhrifin eru staðbundin, raski haldið í lágmarki og reynt að halda í þann gróður sem fyrir er. Efnistökusvæðið er gömul og ófrágengin náma og því áhrif á gróður metin óveruleg.

Áhrif á *landnotkun* er metin óveruleg. Breyting er gerð á landnotkun þar sem óbyggð svæði fara yfir í opin svæði til sérstakra nota og skóræktarsvæði. Engin verndarsvæði eru innan svæðanna. Ekki er verið að skerða gott landbúnaðarland né svæði fyrir íbúabyggð.

Áhrif á *landsdag og ásýnd* eru metin neikvæð. Fyrirhugaðir varnargarðar og skógrækt munu óhjákvæmilega breyta ásýnd svæðisins þar sem um er að ræða óbyggt svæði. Breytingin er þó staðbundin og háð útfærslu á framkvæmd. Til að draga úr neikvæðum áhrifum skal í deiliskipulagi leggja áherslu á að mannvirki falli sem best að nærliggjandi umhverfi og að vandað verði til frágangs á umhverfinu.

Áhrif á *samfélag* eru metin jákvæð. Með breytingunni er verið að tryggja íbúum og gestum meira öryggi. Stórhlti íbúabyggðar í Bakkahverfi, Firði og á Öldunni er á ofanflóðahættusvæði. Varnargarðar munu styrkja byggðina og auka verðmæti íbúða á svæðinu.

Áhrif á *minjar* eru metin neikvæð. Vegna fyrirhugaðra varnargarða eru minjar á svæðinu í mikilli hættu. Áhrifin eru svæðisbundin en eru til langs tíma og óafturkræf. Ekki má fara í framkvæmdir á minjastöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands.

Áhrif á *heilsu og öryggi* eru metin jákvæð. Með tilkomu snjóflóðavarnargarðanna er verið að auka öryggi íbúa á Seyðisfirði gagnvart þeirri náttúruvá sem er á svæðinu. Engin vatnsverndarsvæði eru á svæðinu.

## 5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

### 5.1 Málsmeðferð

#### Skipulagslýsing

Málsmeðferð hófst með gerð og kynningu skipulagslýsingar. Lýsingin sem sett var fram var sameiginleg lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 og vegna deiliskipulags varnargarða undir Bjólfshlíðum. Hún var auglýst þann 10. nóvember 2020 á vef sveitarfélagsins (mulathing.is) og innansveitarblöðum og var almenningi gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir til skipulagsfulltrúa til og með 30. nóvember 2020. Einnig var haldinn kynningarfundur 24. nóvember 2020 en vegna samkomutakmarkana og sóttvarnarráðstafana fór fundurinn fram í gegnum Facebook síðu Múlaþings. Þar var hægt að senda inn rafrænar fyrirspurnir á meðan á fundinum stóð og þeim svarað að kynningu lokinni. Einnig var lýsingin send til umsagnar til Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands og Náttúrustofu Austurlands. Umsagnir vegna lýsingar bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Veðurstofu Íslands.

#### Tillaga á vinnslustigi

Tillagan var kynnt á vinnslustigi á vef sveitarfélagsins og á rafrænum íbúafundi þann 2. mars 2021 þar sem íbúum gafst kostur á að senda inn fyrirspurnir á meðan fundinum stóð en einnig var hægt að senda inn ábendingar/athugasemdir til skipulagsfulltrúa til og með 12. mars 2021. Tillagan var send til umsagnaraðila og bárust umsagnir frá; Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og HEF veitum.

#### Auglýsing á tillögu

Tillagan var auglýst frá 28. maí 2021 – 9. júlí 2021 þar sem íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gafst kostur á að senda inn ábendingar/athugasemdir. Tillagan var einnig send til umsagnaraðila. Engar athugasemdir bárust.

### 5.2 Breyting eftir auglýsingu dags. 09.09.2021

Í kafla 3.5.1 voru settar kröfur um að áður en framkvæmdarleyfi er veitt fyrir skógrækt á svæði SL1 skal fara fram fornleifaskráning á svæðinu.

Á uppdráttum var titli breytt með tilvísun í efni breytingarinnar.

### 5.3 Umsagnaraðilar breytingar

Umsagnaraðilar um aðalskipulagsbreytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands

- Náttúrustofa Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Skógræktin
- Umhverfisstofnun